


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4	Áfangaeiti ÍSAN1OF05	Námsáætlun haustönn 2015

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir	Sk.st.	ALH
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:


Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskan orðaforða, framburð, hlustun, lestrarfærni og skilning. Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem þurfa frekari undirbúning og aðstoð í íslensku til að geta stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Markmiðið er að nemendur hljóti þjálfun í að koma hugmyndum sínum á framfæri í töluðu og rituðu máli, auki tjáningarfærni, orðaforða, málnotkun og lestrarfærni. Lögð er áhersla á hópefli, samvinnu og samskipti og að nemendur fái þjálfun í tjáningu og orðforða í íslensku.

Nemendur fá einnig fræðslu og innsýn í íslenska menningu s.s. þjóðbúninga, þjóðdansa, sögu og menningu nærumhverfis. Nemendur hljóta þjálfun og leiðsögn um það hvernig þeir geta bjargað sér við vissar aðstæður, t.d. spyrja til vegar eða fá aðstoð út í búð. Nemendur fá leiðsögn við gerð námsáætlana, námsmarkmiða og aðstoð við að finna út hvaða námstækni hentar þeim best. Nemendur kynna heimalönd sín í tali og/eða á myndrænan hátt, áhersla er lögð á orðaleiki, að spila tungumálaspil, sagnorðaspil og farið er í leiki. Nemendur fá kynningu á skólanum, heimsækja verkstæði og brautir skólans og leitast er við að gera þá sjálfbjarga innan sem utan skóla.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- góðum vinnubrögðum, námstækni og mikilvægi markmiðssetninga
- helstu grunnatriðum í málfræði og málnotkun
- mikilvægi tungumálsins í daglegu lífi
- mæltu og rituðu íslensku máli
- mikilvægi og tilgangi þess að auka orðaforða sinn
- mikilvægi lestrar og lesskilnings
- mikilvægi menningar, sögu og nærumhverfis

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	Áfangaheiti ÍSAN1OF05	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4		Námsáætlun haustönn 2015

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- auka orðaforða og málskilning
- skrifa einfaldan texta í samfelldu máli
- lesa einfaldan texta af ýmsu tagi sér til gagns t.d. til að átta sig á staðháttum
- lesa til gamans texta af ýmsu tagi
- rýna í menningu og nærumhverfi


Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér góð vinnubrögð, góða námstækni og setja sér námsmarkmið
- nýta sér mælt mál og ritað í daglegu lífi t.d. til að kynna sig og taka þátt í samræðum
- auka almenna færni sína í íslensku máli, menningu og samfélagi
- tjá sig munnlega um það sem varðar námið og daglegt líf
- nýta sér almenn hjálpargögn við íslenskunám
- leita sér upplýsinga innan skólans og í nærumhverfi

Námsgögn:


Eva Örnólfsdóttir: *Orð fyrir orð – kennslubók í íslensku sem öðru tungumáli fyrir byrjendur* (3. útg. 2011)

Fjölrit af ýmsu tagi frá kennara og fleira námsefni s.s. spil, orðabækur, dagblöð, tímarit, veraldarvefurinn o.fl.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 4	Áfangaheiti ÍSAN1OF05	Námsáætlun haustönn 2015

Áætlun um yfirferð:

Vikur	Námsefni	Verkefni og námsmat
1. lota	Kynning, tjáning, sjálfsmat og málfræði	
20.8.-2.10.	Kynning á áfanganum, sjálfsmati og námsáætlunargerð. Nemendur kynna hver annan og skrifa ritunarverkefni. Kynning á skólanum og heimsókn á brautir. Spilaleikir og hópefli <i>Orð fyrir orð (OFO)</i> bls. 3-8 Rætt um íslenska stafrófið, hljóðkerfið og framburð. Framburðaræfingar, samræður, munnleg og skrifleg verkefni af ýmsu tagi. Nafnorð, kyn, greinir, föll, forsetningar, bls. 10 – 42 í <i>OFO</i> . Nemendur vinna málfræðiverkefni og ýmis verkefni tengd hugtökunum sem verið er að vinna með.	Ritunarverkefni - einstaklingsverkefni með hjálpargögn 10% Verkefnavinna, munnleg og skrifleg í paravinnu 10% Samræðuverkefni í paravinnu 5% Málfræði- og hugtakaverkefni einstaklingsverkefni með gögn 10%
2. lota	Lestrarfærni, orðaforði, ritun og málnotkun	
5.10. - 20.11.	Fatnaður bls. 76-82 og bls. 83-101 í <i>OFO</i> . Eintala, fleirtala og sagnorð. Sagnorðaspil Heimsókn á Minjasafnið til að skoða íslenska þjóðbúninga og fl. menningartengt . Vettvangsheimsóknir. Ritun og lesnar smásögur. Samræðuverkefni og framburðarverkefni áfram.	Málfræði- og hugtakaverkefni, einstaklingsverkefni með gögn 10% Verk. um þjóðbúninga og vettvangsheimsókn einstaklingsverkefni með gögn 10% Lesskilnings- og ritunarverkefni einstaklingsverkefni með gögn 10% Samræðuverkefni í paravinnu 5%
3. lota	Menning og nærumhverfi - fjölmening	
23.11. - 2.12.	Lesið úr dagblöðum, bæklingum, tímaritum og af Veraldarvefnum. Samræður um málefni líðandi stundar sem nemendur velja og kynna fyrir samnemendum. Spilaleikir Nemendur kynna heimalönd í máli og myndum.	Lesskilnings- og ritunarverkefni paravinna 10% Samræðuverkefni í paravinnu 10% Nemendur vinna í hópum, kynna lönd og málefni líðandi stundar 10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangaeiti ÍSAN1OF05 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4		

Námsmat og vægi námsþátta:

Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur fá nemendur annað hvort S (staðið) eða F (fall) í lok annar. Þeir nemendur sem ekki ljúka áfanganum með tilskildum árangri fá einkunn á kvarðanum 1-4

Lesskílnings- og ritunarverkefni einstaklingsverkefni með gögn	20%	Nemendur lesa texta og vinna verkefni með námsgögnum. Einstaklingsmat
Verkefni / próf í málfræði x 2	20%	Málfræði- og hugtakaverk. einstaklingsverkefni með námsgögn
Verkefnavinna, munnleg og skrifleg í paravinnu	30%	Nemendur flytja valin verkefni fyrir samnemendur. Einstaklings- para- eða hópvinna
Ritunarverkefni - einstaklingsverkefni	20%	Nemendur skrifa frá sjálfum sér og vettvangsheimsókn.
Hópvinna nemenda	10%	Nemendur vinna í hópum, kynna lönd og málefni líðandi stundar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils